

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

JARÐBORANIR OG RANNSÓKNIR Á JARÐHITASVÆÐINU Á  
REYKJANESI VEGNA SJÓEFNAVINNSLUATHUGANA

Stutt skýrsla um framkvæmdir til 31.12. 1968

Janúar 1969

JARÐBORANIR OG RANNSÓKNIR  
A JARDHITASVÆÐINU A REYKJANESI  
VEGNA SJÓEFNAVINNSLUATHUGANA

Stutt skýrsla um framkvæmdir til 31.12. 1968

Jarðboranir og rannsóknir á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi  
vegna sjóefnavinnsluathugana.

Stutt skýrsla um framkvæmdir til 31.12. 1968.

Inngangur

Jarðboranir á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi eru nauðsynlegur liður í þeim athugunum, sem nú fara fram á möguleikum til sjóefnavinnslu er nýti jarðsjó og jarðvarma á Reykjanesi. Tilgangur þessara borana er að afla gagna um jarðhitasvæðið og kanna, hvort forsendur sjóefnavinnslunnar, þ.e. orkumagn og jarðsjór, séu fyrir hendi í nægilegum mæli. Ýmsar undirbúningsrannsóknir hafa þegar verið gerðar á fyrri árum, t.d. efnarannsóknir, kortlagning hrauna og sprungukerfis, þyngdarmælingar, jarðsveiflumælingar o.fl. Ein borhola var og til, 162 m djúp, boruð árið 1956.

Fyrri hluta árs 1968 var ákveðin 3.6 Mkr. fjárveiting úr Orkusjöldi til borunar á Reykjanesi. Var ætlunin að boruð yrði ein 1000 - 1400 m djúp hola í því skyni að afla gagna um ástand jarðhitasvæðisins á þessu dýpi. Til þessa verks átti að fá Norðurborinn, en gufubor ríkis og Reykjavíkur var þá bundinn við boranir fyrir Reykjavíkurborg. Nokkur óvissa var þó um, hvenær Norðurborinn yrði laus til þessa verks, vegna borana við Námafjall fyrir gufurafstöð og kísil-íðju.

Til að eiga ekki á hættu að fresta yrði öllum borunum á Reykjanesi árið 1968, var upphaflegri boráætlun breytt og ákvörðun tekin um að láta Mayhew-borinn byrja með því að bora eina holu (holu 2), allt að 600 m djúpa, en það er það hámarksdýpi, sem hann ræður við. Þessari holu var lokið sumarið 1968 og varð hún 300 m djúp. Gaf hún verðmætar upplýsingar um efnainnihald jarðsjávar á þessu dýpi.

Síðari hluta sumars komu fram óskir frá iðnaðarmálaráðherra um að borunarframkvæmdum yrði hraðað. Til djúpborunar var þá vart um annað tæki að ræða en gufuborinn og samdist svo um við Reykjavíkurborg, að hún léti borinn af hendi til þessa verks, og hófst borun með honum á Reykjanesi í byrjun nóvember.

Um það var talsverð óvissa, hve mikið þyrfti að bora á Reykjanesi til að hægt væri á sæmilega rökstuddan hátt að svara því, hvort forsendur sjóefnavinnslunnar um orkumagn og jarðsjó væru líklegar til að standast. Í upphafi var ljóst að ein hola myndi ekki svara þessu á fullnægjandi hátt. Þegar ákvörðun var tekin um að láta gufuborinn hefja borun á Reykjanesi og með hliðsjón af þeirri áherzlu, sem lögð var á að flýta rannsóknnum á jarðhitasvæðinu, lagði jarðhitadeild til að gufuborinn yrði láttinn bora 2 holur í viðbót í beinu framhaldi af þeirri fyrstu. Hugmyndin var að þessum tveimur síðari holum væri ætlað að gefa sem mest rennsli, og yrðu þær staðsettar og hannaðar í samræmi við það. Ákvörðun var tekin um að bæta þessum tveimur holum við, rétt um það leyti er borun þeirrar fyrstu lauk.

Upphaflega var ætlunin, að fyrsta gufuborsholan (hola 3) yrði staðsett um 300 m NA við aðalgufusvæðið og yrði boruð niður á um 1000 m til þess m.a. að ná vatnssýnishornum og hitamælingum á því dýpi. Henni var valinn staður m.a. með það í huga, að litlar líkur væru á kröftugum gufuæðum á litlu dýpi, er kynnu að torvelda dýpri borun. Jafnframt var staðsett önnur gufuborshola rétt við gufusvæðið. Svo fór, að fyrra borstæðið varð ónothaft vegna meitilfestingar rétt áður en gufuborinn skyldi byrja og var þá afráðið að síðara borstæðið yrði valið í staðinn, en jafnframt var ákveðið að halda óbreyttri fyrirhugaðri dýpt holunnar, ef það reyndist hægt.

Um áramótin var lokið borun á tveimur gufuborsholum (holum 3 og 4) og skyldi sú þriðja (hola 5) boruð í janúar. Lokið var við eins mánaðar prófun á holu 2, og voru gerðar á henni afkastamælingar, hitamælingar og efnagreiningar á vatni og gufu. Hola 3 hafði einnig verið hitamæld og tekin fyrstu vatnssýnishorn, en afkastamæling ekki verið gerð. Í holu 4, sem lokið var við um miðjan desember, hafði einungis verið gerð hitamæling.

Í þessari skýrslu verður gefið yfirlit yfir helztu niðurstöður borana og rannsókna fram að áramótum.

Yfirlit um boranir á Reykjanesi til 31.12. 1968

Hola	Verktími	Dýpi m	Föðrun	Botnhitti °C	Afl t/klst. gufa við 4 atgj
1	12.4. - 3.7. 1956	162	(20m)	185	
2	27.6. - 3.9. 1968	301	8" 43 m 6" 265 m	225	14
3	14.10. - 22.11. 1968	1166	13 3/8" 41,5 m	286	
4	25.11. - 20.12. 1968	1036	9 5/8" 242 m 13 3/8" 38 m 9 5/8" 246 m		

Prófun og mælingar á holu 2 (301 m djúp).

Gerð var áætlun um prófun á holu 2 í þeim tilgangi að kanna breytingar á rennsli og efnainnihaldi vatnsins með tímanum. Gert var ráð fyrir, að prófunin stæði í 1 mánuð, en henni yrði síðan haldið áfram, ef ástæða þætti til að þeim tíma loknum. Þessi áætlun, sem fylgt var að mestu, fer hér á eftir.

Verkdagur

nr.

- 1 Hitamæling, undirbúningur sýnishornatöku, opnun holu, sýnishornataka, aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 2 Sýnishorn tekin til  $Cl^-$  greiningar. Aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 3 " " " " " " " "
- 4 " " " " " " " "
- 5 " " " " " " " "
- 6 Hitamæling. Sýnishorn fyrir totalgreiningu og gas.  
Aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 9 Sýnishorn tekið til  $Cl^-$  greiningar. Aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 12 Hitamæling. Sýnishorn fyrir totalgreiningu og gas.  
Aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 18 Hitamæling. Sýnishorn fyrir totalgreiningu og gas.  
Aflestur  $P_o$  og  $P_c$
- 24 Hitamæling. Sýnishorn fyrir totalgreiningu og gas.  
Aflestur  $P_o$  og  $P_c$

Um afl og hitamælingarnar í þessari holu hefur verið samin sérstök skýrsla af Karli Ragnars, og fylgir hún hér með.

Efnagreiningarnar hafa verið gerðar af Sigurði Rúnari Guðmundssyni. Jens Tómasson og Sveinbjörn Björnsson hafa tekið saman skýrslu um efna- og ísótópainnihald vatnsins og hugsanlegan uppruna þess. Eru niðurstöður Sigurðar Rúnars þar með. Skýrsla þeirra fylgir hér með.

Jarðlagasnið hafa verið gerð af holum 2 og 3. Fylgir lýsing á þeim hér með, samin af Jens Tómassyni og Þorsteini Thorstein syni.

### Mælingar á holu 3

ENN hafa ekki verið gerðar aðrar mælingar á holu 3 en hitamælingar. Afkastamæling hefur ekki verið gerð enn vegna breytinga, sem gera þurfti á búnaði holunnar. Standa vonir til, að bráðlega verði hægt að gera afkastaprófanir á henni svipað og á holu 2. Línurit yfir hitamælingarnar fylgir hér með (FnR. 8659).

### Niðurstöður

Helstu niðurstöður þeirra athugana, sem farið hafa fram á Reykjanesi til áramóta 1968 - 1969 eru þessar.

1. Hitamælingar í holu 3 sýna, að hiti svæðisins er vaxandi niður á a.m.k. 1100 m, þar sem hann er um  $285^{\circ}\text{C}$ . Þetta bendir til þess, að aðstreymi frá dýpri jarðlöögum sé beint undir jarðhitasvæðinu eða í næsta nágrenni.
2. Efnarannsókn á vatni úr holum 1 og 2 sýnir, að efnainnihald þess er svipað og hveravatns á yfirborði. Enn skortir gögn úr dýpstum holunum (3 og 4).
3. Komið hefur skýrt í ljós í holum 3 og 4 að í a.m.k. efstu 200 m þeirra eru vatnsæðar sem hafa greiðan samgang við sjó. Gera þarf ráðstafanir til að loka vandlega slíkum æðum í áframhaldandi borunum, til að þær trufli ekki rennsli úr holunum.
4. Jarðlagasnið holanna einkennast af mjög þykku túffi og túffseti, sem nær niður á um 1000 m, þar sem þéttara berg virðist taka við. Líkur eru á, að heppilegasta vinnsludýpi svæðisins sé 500-1000 metrar.
5. Aflmælingar hafa enn aðeins verið gerðar á holu 2. Lítið er því hægt að segja enn um afkastagetu holanna, en búast má við að bæði hola 3 og hola 4 reynist góðar vinnsluholur.

Fylgiskjöl

1. Afl- og hitamælingar á nolu 2, Reykjanesi, tímabilið  
21.10.- 23.12.1968  
Eftir Karl Ragnars
2. Sfnasamsetning og uppruni jarðsjávar á Reykjanesi og  
jarðfræði borholanna á Reykjanesi.  
Eftir Jens Tómasson, Sveinbjörn Björnsson og Þorstein  
Thorsteinsson.
3. Hitamælingar í nolu 3, Reykjanesi.

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Afl- og nitamelingar á holu 2, keykjanesi,

tímabilið 21.10. til 23.12. 1968

eftir  
Karl Ragnars

Afl- og hitamælingar á holu 2, Reykjanesi,  
tímabilið 21.10. til 23.12. 1968

Tilgangur:

Tilgangur mælinganna er sá að mæla botnhita holunnar, og að mæla afl hennar þegar hún vinnur gegn mótpýrstingi  $P_0$  sem er 4 til 5 atg.

Helztu niðurstöður:

Er mælingar hófust hafði holan verið lokað í u.p.b. 1 mánuð. Aður en holan var opnuð var mældur prýstingur hennar  $P_0$  (sjá mynd) með einnar stundar millibili í 1 sólarhring, til að kanna hvort flóð og fjara hafi áhrif þar á, (sjá mynd) en svo virðist ekki vera. Síðan var holan hitamæld, en sú mæling gaf botnhita  $225^{\circ}\text{C}$ .

Þá var holan opnuð og blés hún frá 21.10. til 23.12. '68. A mælingatímabilinu var holan hitamæld 4 sinnum og voru niðurstöður alltaf þær sömu, þ.e. að botnhitinn (300 m) er skömmu eftir snögga lokun um  $194^{\circ}\text{C}$ , sem síðan hitnar ört upp í  $202^{\circ}\text{C}$ . Búast má við, að sá hiti ríki í botni holunnar við blástur. Við þá uppgufun hefur rúmmál blöndunnar aukist u.p.b. 6 sinnum frá því upphaflega.

Fyrstu 15 daga blástursins fer magnið úr holunni hratt minnkandi, en er frá þeim tíma nokkuð jafnt, virðist þó minnka heldur, og er á þessu tímabili 26 til 27 kg/sek, sem er innan ramma þeirrar mælinákvæmni, sem er á mælum.

Framkvæmd og aðferð mælinga:

Mælingar önnuðust Karl Ragnars og Stefán Sigurmundsson. Til rennslisákvarðana var mældur krítiskur prýstingur í útstreymisopi við mótpýrsting  $P_0$ , sem var 4 til 5 atg. Enthalpy rennslisins ákvarðast af hitamælingunni  $h_0 = 230 \text{ kcal/kg}$ , en hitinn var mældur með Amerada-96. Frá 21.10. til 9.11. var notuð útstreymispípa með þvermáli  $d = 158.0 \text{ mm}$  en frá þeim tíma til 23.12. útstreymispípa með þvermáli  $d = 135,6 \text{ mm}$ . Eru útstreymispípur þessar til hægðarauka kallaðar 6" og 5" pípur.

Þessar mælingar eru svo notaðar til þess að reikna heildarrennsli og gufurennslí eftir formúlunum:

$$M = \frac{3,717 \cdot 10^3 \cdot A \cdot p_c^{0,96}}{h_o 1,102}$$

$$G = x_p \cdot M = \frac{h_o - h_p}{L_p} \cdot M$$

En þar tákna:

M: heildarrennsli, Kg/sek

$h_o$ : enthalpy blöndu kcal/kg

$h_p$ : enthalpy vatns við prýsting p, kcal/kg

$L_p$ : gufunarvarma við prýsting p, kcal/kg


$p_c$ : krítiskan prýsting í útstreymisopi, ata.

A: flatamál útstreymisops,  $m^2$


$G_p$ : gufurennslí við prýsting p, kg/sek

x: purrstig blöndu ( $x = G/M$ )

Hitamæling í borholum



Hitamælingar í borholum



## Hitamæling í borholum

Tnr. 14 Tnr. 626

J-Reykjan. J-Hitam.

Fnr. 8635

°C 150

200

0

Holuríkð

194

Tími  
mín.

40

80

120

160

°C 150

200

Dýpi  
m

100

200

300

GULLBRINGUSÝSLA

Reykjanes

Hola II

Dýpi 300m

Föðring 43 m 8", 35-300 m 6"

Borun lokid 5.9.68

Mæling gerð í botni holunnar


eftir að hún hafði blásið í 7 daga

Mælt 31.10.68 SGS

Mælt á uppleid, er mælingu  
var hætt í botni

Hitamæling í borholum.

12.12.'68. S.G.S./E.K.  
Tnr.19 Tnr. 632  
J-Reykjan. J-Hitam.  
Fnr. 8655



Hitamæling í borholum

°C 150 200

Tími  
mín.

0  
40  
80  
120

Holu lokið

GULLBRINGUSÝSLA  
Reykjanes  
Höfði 2  
Dýpi 300m  
Fööring 43m 8" 35-300m 6"  
Borun lokið 5.9.'68  
Mæling gerð í botni holu eftir  
að hún hafði blásið í 28 daga  
Mælt 21.II.'68. S.G.S.

°C 150 200

Dýpi  
m

100  
200  
300

○ ○

Mælt á uppleið, er  
mælingu í botni var  
lokið.

Þrýstimoeling á borholum

J-Reykjan. J-hitam.

Fnr. 8653

**GULLBRINGUSÝSLA**

Reykjanes

Hola 2

Dýpi 300 m

Fóðring 43 m 8", 35-300 m 6"

Borun lokið 5.9. '68

Aflestur á þrýstingi Po yfir

tímabilið 14. II. kl. 12<sup>00</sup> -

15. II. kl. 12<sup>00</sup> Ó.S.

Árdegishöfði Grindavík

14. II. '68 kl. 11.52.

15. II. '68 - 12.37

Teiknað effir niðursföðu O.S.

6.12. '68 S.G.S.

kg/cm<sup>2</sup>

13,8

13,7

13,6

13,5

14.III.'68


12 14 16 18 20 22 24




15.II.'68

kist.

12 10 8 6 4 2 0 2 4 6 8 10 12

13,5





Reykjanes, hola 2

		P <sub>O</sub>	atg	P,	atg	P <sub>C</sub>	atg	útstr.op	M	kg/sek	G(4 atg)	t/h	G(1 atg)	t/h
19.10.	hitam.	5,0	-	0,84	6"	35,5	19,7	30,8						
30.10.	hitam.	4,2	2,4	0,57	6"	30,5	16,9	26,5						
1.11.		4,1	2,4	0,53	6"	30,0	16,6	26,0						
3.11.		4,0	2,4	0,48	6"	28,5	15,8	24,9						
5.11.		4,0	2,4	0,52	6"	29,5	16,4	25,6						
8.11.		3,1	0,80	6"	35,0	19,4	30,5							
8.11.		4,0	2,4	0,60	6"	31,0	17,2	27,0						
9.11.	5" útstr.op	6,0	4,5	1,50	5"	34,5	19,2	30,0						
10.11.		5,0	3,8	1,15	5"	30,0	16,6	26,0						
13.11.	hitam.	5,0	4,0	1,15	5"	30,0	16,6	26,0						
15.11.		4,9	4,0	1,00	5"	27,5	15,2	24,0						
21.11.	hitam.	-	-	-	-	-	-	-						
22.11.		4,9	4,0	0,96	5"	27,0	15,0	23,5						
3.12.		4,9	-	1,00	5"	27,5	15,2	24,0						
5.12.		-	-	0,96	5"	27,0	15,0	23,5						
23.12.		4,5	-	0,85	5"	26,0	14,4	22,9						

EFNASAMSETNING OG UPPRUNI  
JARÐSJÁVAR Á REYKJANESI  
OG  
JARÐFRÆÐI BORHOLANNA  
Á REYKJANESI

eftir

Jens Tómasson, Sveinbjörn Björnsson og Þorstein Thorsteinsson

EFNISYFIRLIT

	bls.
Efnagreiningar og túlkun þeirra	(J.T. og Sv.B.)
Uppruni jarðhitavatnsins	(J.T.)
Jarðfræði borholanna á Reykjanesi	(J.T. og P.Th.)

28.1.1969  
JT/3B/k6

Efnasamsetning og uppruni jarðsjávar á Reykjanesi

Efnagreiningar og túlkun þeirra

Tafla I sýnir niðurstöður efnagreininga á vatni úr holu I og hvernnum Geysi. Er önnur greiningin úr Geysi gerð af T.F.W.Barth árið 1937 en hin af jarðhitadeild eftir jarðskjálftann 1967. Hveravatnið er tekið við  $100^{\circ}\text{C}$  eða nokkru lægri hita. Vatnið hefur þó án efa verið heitara, er það var á meira dýpi og hefur kólnað við varmaleiðslu, blöndun við kaldara vatn og suðu á uppleið. Þar sem ekki er vitað, hvernig kólnunin átti sér stað, er ekki hægt að segja náið til um gerð djúpvatns út frá þessum sýnum. Ef engin blöndun hefur orðið og vatnið kólnað eingöngu við varmaleiðslu, ætti magn efna að vera svipað og í djúpvatni. Sama gildir, ef vatnið kólnar við suðu en gufan þéttist aftur í vatnið. Tapist hins vegar gufa við suðu, eykst magn efna í vatninu, sem eftir verður. Kólni  $300^{\circ}\text{C}$  heitt vatn í  $100^{\circ}\text{C}$  eingöngu við suðu og tapi það allri gufunni, eykst magn uppleystra efna um 1,6 sinnum.

Ekki er vitað um þrýsting og hita, þegar sýni voru tekin úr holu I 1958, en sýni tekið í sept. 1968 var tekið við 1 atm og  $100^{\circ}\text{C}$ . Nokkur munur er á magni efna í þessum sýnum, en hann er einkum fólginn í mismunandi styrkleika upplausnarinnar og bendir það fremur til mismunandi aðstæðna við sýnatöku en breytinga í samsetningu vatnsins. Af þessum greiningum verður því að telja efnagreiningu frá sept. 1968 áreiðanlegasta. Hiti innstreymis er ekki pekktur og því ekki unnt að reikna magn efna í djúpvatni frá þessari greiningu.

Í töflu II eru sýndar nokkrar efnagreiningar úr holu II. Innstrey mishiti vatns í pessa holu er um  $224^{\circ}\text{C}$ . Þessi sýni eru öll tekin við 1 atm og  $100^{\circ}\text{C}$ . Blés holan stöðugt milli mælinga og selta og kísilsýra vatnsins fara vaxandi með tíma.

Virðist holan ekki enn hafa náð fyllilega stöðugu magni uppleystra efna, sem búast má við í djúpvatni. Ef leiðrétt er magn uppleystra efna vegna gufutaps við suðu vatnsins frá  $224^{\circ}\text{C}$  í  $100^{\circ}\text{C}$  þarf að deila í magn mælt við  $100^{\circ}\text{C}$  með 1,3 til þess að finna magn uppleystra efna í djúpvatninu,  $224^{\circ}\text{C}$  heitu. Þetta er gert fyrir sýni frá 29.10. og 22.11. '68 og eru niðurstöður í Töflu III. Er þar borin saman samsetning djúpvatnsins úr holu II við samsetningu sjávar. Sé klórmagn í djúpvatninu 22.11. borið saman við klórmagn í Geysi 1967 sést, að munur er aðeins 5%. Bendir þetta til þess, að vatn hversins hafi ekki tapað verulegri gufu á uppleið sinni.

Efnahlutföll vatnsins eru allt önnur en í sjó. Helztu breyttingarnar eru þessar: Magnesium og sulfat hafa nærrí horfið úr vatninu, kalsium hefur vaxið nærrí að sama skapi og magnesium hefur minnkað, kalium hefur vaxið (sjá töflu I og II). Magnesium hverfur inn í leirminerala og virðist samtímis leysast upp kalsium úr berginu. Ekki eru þessi jóna-skipti þekkt nákvæmlega, nema hvað þessi breyting á Ca/Mg-hlutfallinu verður alls staðar á setvatns svæðum. Í töflu I, II og III er reiknuð út hlutfalls tala allra efna ( $n$ ) miðað við sjó, þannig að  $n = \frac{\text{magn í sjó}}{\text{magn í sýni}}$ . Þetta er gert til að auðvelda samanburð á milli sýna. Na/k-hlutfallið er háð hita og minnkar með vaxandi hita, og er því kalimagnið líklegt til að vaxa með dýpi. Kalsium vex með auknu magni af uppleystum efnum, svo það má einnig vænta aukins magns af kalsium með dýpi. Upplýsanleiki kalsiumsúlfats minnkar með vaxandi hita, og gæti því súlfatið fallið út sem kalsiumsúlfat. Einig kemur til greina að súlfatið reduserist til brennisteins vetrnis og það leysi svo járn úr berginu og falli svo út sem járnsúlfið (þýrit).

Holum III og IV hefur enn ekki verið hleypt upp og því ekki til ómenguð sýni af djúpvatni þeirra. Verður beðið með efna-greiningar, unz þær hafa hreinsað út skolvatn, sem í berginu situr.

Tafla I

Dags.	sjör	Reykjanes, holta I			Reykjanes, holta I			Reykjanes, Geysir Sépt. 1937			Reykjanes, holta I			Reykjanes, holta I			
		4.9. 1958	20.6. 1958	5	n	6,7	6,5	n	805	115	5,0	138,8	19,8	5,4	388,4	55,5	
Ph																	
SiO <sub>2</sub>	P.p.m	7	543	77,8	912	130	n										
Cl	"	18980	27400	1,45	29200	1,54		30000	1,58	28634	1,52	26840	1,41				
F	"	1,3	0,7	0,54	-	-		1,5	1,15	-	-	-	-				
SO <sub>4</sub>	"	2649	128	0,05	215	0,08		190	0,07	277,0	0,10	352,7	0,14				
HCO <sub>3</sub>	"	140	5,0	0,04	8	0,06		-	-	-	-	-	-				
CO <sub>3</sub>	"	0	-	-	-	-		-	-	-	-	-	-				
Br	"	65	98	1,49	108	1,66		-	-	86	1,33	-	-				
I	"	0,05	0,5	60,0	0,6	12,0		-	-	-	-	-	-				
B	"	4,6	13,0	2,8	13	2,8		13	2,8	-	-	-	-				
Li	"	0,1	7,4	74,0	8,3	83,0		-	-	-	-	-	-				
Na	"	10560	13800	1,32	15020	1,43		15030	1,43	15030	1,44	11400	1,08				
K	"	380	1920	5,08	1740	4,58		-	-	1574	4,15	1070	2,82				
NH <sub>4</sub> <sup>+</sup>	"	-	-	-	-	-		-	-	-	-	-	-				
Ca	"	400	2200	5,5	2165	5,4		2072	5,2	2072	5,17	1900	4,75				
Mg	"	1272	45	0,03	23	0,02		115	0,09	115	0,09	300	0,24				
Sr	"	13,3	15,0	1,13	-	-		-	-	-	-	-	-				
Fe	"	0,02	0,25	12,5	-	-		-	-	-	-	-	-				
Mn	"	0,01	0,05	5	-	-		-	-	-	-	0,4	-				
Al	"	1,9	0,66	0,55	5	-		-	-	-	-	-	-				
Steinefni	34475	47500	1,36	50970	1,48	-		-	-	47500	1,58	46000	1,33				

n = magn i sýni → jöfus framaninum milli ∑ + o) ≈ - meðalur.

Magnið er 1:100

Tafla II

Sýni frá holu II, Reykjanesi

Dags.	22.10.'68	29.10.'68	8.11.'68	15.11.'68	22.11.'68
SiO <sub>2</sub> P.P.m	478	n 67	541	n 77	n 543
C1	" 26750	1,4	30600	1,6	30200
PO <sub>4</sub>	" 0,17	0,52	0,11	0,37	0,11
NO <sub>3</sub>	" 0,06	0,25	0,03	0,12	0,03
Na	" 14000	1,43	15660	1,49	15523
K	" 1984	5,2	2152	5,7	2130
Ca	" 2200	5,5	2630	6,7	2625
Mg	" 18,2	0,010	28	0,022	7,2

$$n = \frac{\text{magn i sýni}}{\text{magn i sjó}}$$

Tafla III

Efnagreining vatnssýna frá holu II, Reykjanesi

Dagsetning	29.10. 1968		22.11. 1968	
	Samsetning vatns- fasa við 100°C	Samsetning djúpvatnsins	Samsetning vatns- fasa við 100°C	Samsetning djúpvatnsins
pH	n	n	n	n
SiO <sub>2</sub> p.p.m	6,8	6,7	6,7	6,7
Cl	541	77,2	408	58,4
"	30600	1,60	23200	1,17
Na	15660	1,49	11820	1,12
K	2192	5,7	1670	4,5
Ca	2630	6,7	2000	5,0
Mg	28	0,022	22	0,018
NO <sub>3</sub>	"	0,03	"	0,02
PO <sub>4</sub>	"	0,11	"	0,08

$$n = \frac{\text{magn i sýni}}{\text{magn i sjó}}$$

Tvenns konar tilgáetur (hypotesur) eru til um hitagjafann á háhitasvæðum. Það er að vatnið sé hitað upp af magma inn-skotum eða að vatnið sé hitað upp af venjulegum varmastraumi jarðar, en til þess að ná pannig þeim hita, sem er á vatninu á Reykjanesi, þá þyrfti vatnið að hafa farið niður á 3-6 km dýpi og síðan komið mjög hratt upp aftur. Seltaukningin á jarðhitavatninu á Reykjanesi getur orðið með tvennu móti og er líklegt að hvoru tveggja sé virkt. Í fyrsta lagi eykst saltmagnið við uppgufun því saltið fer ekki í gufufasann, enda er uppgufun á sjó notuð við saltvinnslu. Á svæðinu eru tvenns konar hverir, saltir vatnshverir og gufuhverir og péttivatn þeirra, sem innihalda ekkert salt. Aukning á saltmagni vatnsins vegna uppgufunar hlýtur því að eiga sér stað, þar sem uppgufunin sést á svæðinu. En erfitt er að gera sér fyrir stærð hennar, því þó að hægt væri að mæla gufuna sem gufar upp af svæðinu, þá er ekkert vitað um vatnsmagn svæðis-ins (sjó) og hve langan tíma það er um kyrrt á jarðhita-svæðinu. En með ísotópamælingum á vatninu er hægt að segja til um, hve mikil suða hefur verið, því við suðu greinist vatnið eftir ákveðnum lögmálum. Í öðru lagi eykst saltmagn jarðhitavatnsins þannig, að jarðlögin virka sem síur, p.e.a.s. þau hleypa í gegnum sig vatnsmólikúlum, en halda eftir saltmólikúlum (jónum). Það eru einkum set og tuff, sem virka sem slíkar síur. Hugmyndin að því að jarðlögin virki sem síur er komin fyrst fram til að skýra mjög saltan lút, sem finnst oft á olíusvæðum, oft er selta vatnsins 5-10 föld á við sjó. Þessi salti lútur finnst fremur djúpt á olíusvæðum, á 3000-5000 m dýpi, en grynnra finnst oft vatn, sem er með miklu minni seltu en sjór. Jarðfræðilegar aðstæður á þessum svæðum benda til þess, að þessi selta stafi frá innilokuðum sjó. Þegar setið sezt til í sjó, inniheldur það mikinn sjó, til að byrja með er sjór upp í 60% af þunga setsins, en eftir því sem setið færst niður á við þrýstist vatnið úr setinu og á því dýpi, sem lúturinn finnst, er vatnið aðeins orðið 2-3%. Ef við þessa útpressun á vatni pressast meira vatn en salt er fundinn mekanismi sem gæti skýrt að minnsta kosti að einhverju leyti hvernig saltauukningin á sér stað.

Nokkrar tilraunir með að pressa sjó og mismunandi saltblöndur úr leir minerölum og fínkornóttum setum.

(Von Engelhart 1961, Von Engelhart og Gaide 1963, Degenisis og Chilinger 1967)

Við þessar tilraunir kom það fram, að við tiltölulega lítinn prýsting varð lögurinn, sem prýst var út úr leirklumpnum saltari en lögurinn, sem var fyrir, en við hærri prýsting varð lögurinn sem prýst var út úr leirminerölum og þeim mun minna saltur eftir því sem prýstingurinn jókst. Nú er vatn, sem bundið er í leir mjög lítið hreyfanlegt og því holrúmsvatnið í leirsetunum ekki líklegt að skapa þann salta lút á olíusvæðum, enda er vatnið mest í sandsteinslögu. Hefur því oft verið litið á leirminerallögin sem hálf síur, sem hleypi vissum jónum í gegn, en haldi eftir öðrum.

White (1965) gerði eftirfarandi módel af saltaukningu í setvatni. Leirlög í setbunkanum virka sem hálf síur, það er ákveðnir jónar fara í gegnum þau, en aðrir verða eftir fyrir neðan þau. Hann gerði ráð fyrir að leirlögin hefðu negativa hleðslu og drægju því til sín pósitiva jóna eins og natrium og magnesium en kalsium í minna mæli. En spennumunurinn helzt konstant ofan og neðan við leirlagið því fyrir hverja pósitiva hleðslu (jón), sem sleppur í gegn, þá klofnar eitt vatnsmolikúl og fer  $H^+$  jónin niður fyrir síuna, en  $OH^-$  fyrir ofan síuna. Einnig ættu óhlaðnar agnir eins og  $CO_2$  að komast í gegnum slíka síu, mun því saltmagnið aukast fyrir neðan síuna. Þessi síu hypotesa er bæði byggð á tilraunum og því sem sést í náttúrunni. Þessar síur eru aldrei fullkomnar svo að í náttúrunni sleppa eitthvað af anjónum í gegnum síurnar svo síunin verður aldrei alger. Eftir tilgátu White's ætti að vera tvenns konar vatn í setum. Það vatn sem verður eftir fyrir neðan jarðlagasíurnar hefur meira saltmagn en sjór (filter concentrated water). Vatn, sem finnst djúpt á olíusvæðum er þá slíkt vatn. Þetta vatn er mjög magnesium fátækt en kalsium ríkt og vex kalsíum með magninu af uppleystum efnum á kostnað natriums. Kalsiumaukningin gæti að nokkru leyti verið skýrð af því að kalsium væri minna

móbilt en natrium yrði því frekara eftir fyrir neðan jarð-síurnar en natrium. En hvarfið af magnesium er vegna jónaskipta í leirminerölum og karbonati (kólomesjón) og losast þá ef til vill einnig kalsium. Klör er aðal anjóninn í slíku vatni. Einnig ætti að vera til síð vatn á olíusvæðum, ætti það að innihalda tiltölulega mikið Na, CO<sub>2</sub>, B, S og vera mun minna salt en sjór. Nú verða jarðlögin gropnari eftir því sem ofar dregur og mundi því slíkt síð vatn verða fljótt blandað með venjulegu grunnvatni og því erfiðar að þekkja slíkt vatn. Þó telur White (1965) að svo kallað karbonat vatn, sem finnst oft á milli 1000-6000 m dýpis á olíusvæðum, geti verið slíkt vatn en blandað grunnvatni og sé karbonatið frá CO<sub>2</sub>, sem hefur sloppið í gegnum síurnar. Á olíusvæðum er vatnið, sem er fyrir ofan 400 m minna sait en sjór, en það sem er fyrir neðan meira salt en sjór og eykst saltmagnið eftir því sem neðar dregur.

Heimildarit

Degenisis, E.T. og Chilinger, G.V. 1967: Diagenesis of subsurface waters. - Diagenesis in sediments, Elsevier, Amsterdam, London.

Engelhart, Wolf, 1960: Zum Chemismus der Poren lösnung der Sedimente. - Uppsala Univ. Geol. Inst. Bull V, 40, p. 189-204.

Engelhart, Wolf og Gaide, K.H., 1963: Concentration changes of pore solutions during the compaction of clay sediments. - Jour. Sed. Petrology V 33, p. 919-930

Tómasson, Jens 1967: On the origin of Sedimentary Water beneath Vestmann Islands. - Jökull Vol. 17, p. 300-311

White, D.E. 1965: Saline waters of sedimentary rocks. Fluids in subsurface environments. - A symposium memoir no. 4 Am. Assoc. Petroleum Geologists.

### Jarðfræði borholanna á Reykjanesi

í holum II og IV ná hraunlög með gjallkenndum millilögum niður í 60 m dýpi. Aftur á móti ná hraunlöggin í holu III niður á 150 m dýpi. Fyrir neðan hraunlöggin er lítið myndbreytt, blöðr-ótt tuff í holu II og IV, gjallkennt á köflum. Nær þetta aðeins niður í 90 m í holu II, en í holu IV niður í 230 m dýpi. Í holu III var malarlag í 150 m dýpi, sem virðist vera gamall sjávarkambur. Þar fyrir neðan tekur við gjallkennt lag niður í 200 m dýpi.

#### Jarðmyndanir í holu III fyrir neðan 200 m dýpi

##### 200-460 m dýpi:

Myndbreytt tufflög

##### 460-570 m dýpi:

Basaltlög með millilögum.

##### 520-570 m dýpi:

Myndbreytt tuff.

##### 570-690 m dýpi:

Breksía með um 10-50% af basalti. Tuff brotkornin eru svipað uppbyggð og tuff brotkornin úr tufflögnum ofar í holunni.

##### 690-1100 m dýpi:


Skiptast á basalt-, set- og tufflög. Er setið og tuffið megin hluti myndunarinnar.

##### 1100-1165 m dýpi:

Basaltlög.

Í holu IV virðast vera svipaðar jarðmyndanir og í holu III. Gæti verið misgengi á milli holanna, þannig að sömu jarðlög finnast 100-150 m dýpra í holu IV en í holu III.

Í holu II hefur ekki verið borað í gegnum tuffmyndunina, enda er holan aðeins um 300 m djúp.



GULLBRINGUSÝSLA

Reykjanes  
Hola 3 (G-1)  
Dýpi 1166 m  
Fóðring 243m 9 5/8"  
Borun lokið 21.II.'68  
I. Mælt inn í stöngum  
eftir helgarleyfi - 40 tíma 17.II.'68

II. Mælt 21.II. ca. 20 tímum eftir að  
borun lauk og var látið leka í  
hana 5 l/sek.

III. Mælt 3.III.'68 þrýstingur 4,9 kg.

IV. Mælt 13.III.'68 þrýstingur 31 kg.  
Allt mælt með Amerada, nema 5 fyrstu  
punktar í mælingu I, sem eru mældir  
með Termistor.

Frá því að borun lauk til 17.III.'68  
hefur holan verið lokað og tvær  
síðari mælingarnar gerðar undir  
nefndum þrýstingi. S.G.S.